



Alþýðusamband Íslands

Sumarnámskeið fyrir börn og unglinga

Í yfirliti sem verðlagseftirlit ASÍ tók saman um sumarnámskeið barna kemur fram mikill verðmunur milli námskeiða sem í boði eru.

Á flestum heimilum þar sem börn eru þurfa foreldrar að skipuleggja dagskrá í nokkrar vikur á sumrin svo þeir geti sinnt vinnu á meðan skólar landsins eru lokaðir. Það getur verið umtalsverður kostnaður samfara því að senda barn á námskeið sem í boði eru, jafnvel þó ódýrasti kostur sé valinn.

Sem dæmi þarf fjölskylda í Reykjavík með 8 ára barn sem fer í þrjár vikur á námskeið hálfan daginn og í tvær vikur allan daginn að greiða t.d. 37.000 kr. miðað við valið hér að neðan og er það fyrir utan tíma sem borga þarf fyrir t.d. gæslu, hressingu og hádegismat.

Félag	Tegund námskeiðs	Aldur	Fjöldi daga	Tímar á dag 2012	Verð 2012
ÍR	Íþrótta- og leikjanámskeið	5 - 9 ára	5	7	8.500
Fylkir	Fimleikanámskeið	5-12 ára	5	7	10.000
Skautafélag Reykjavíkur	Skautanámskeið	4-10 ára	5	3,5	8.500
Breiðablik	Knattspyrnuskóli	6-14 ára	5	3	6.000
Glimufélagið Ármann	Ævintýranámskeið taekwondo	6-12 ára	5	3	4.000

Annað dæmi um fjölskyldu í Reykjavík með 10 ára barn sem fer í eitt 10 daga námskeið allan daginn og í þrjár vikur hálfan daginn þarf að greiða 58.000 kr. miðað við valið hér að neðan, en það er fyrir utan tíma sem borga þarf fyrir t.d. gæslu, hressingu og hádegismat.

Félag	Tegund námskeiðs	Aldur	Fjöldi daga	Tímar á dag 2012	Verð 2012
Tennis og badmintonfélag Reykjavíkur	Sumarskóli TBR	6-13 ára	10	7	19.000
ÍR	Keiluskóli í Öskjuhlíð og Egilshöll	8-12 ára	5	4	10.000
ÍTR / Húsdýragarðurinn	Dýranámskeið	10-12 ára	5	5	21.500
ÍR	Klappstýrunámskeið	8-14 ára	5	2	7.500

Þessi kostnaður getur svo margfaldast ef mörg börn eru í sömu fjölskyldu og ef börnin/barnið er í lengri tíma yfir sumarið í skipulagðri dagskrá. Hér getur því verið um talsverðar upphæðir að ræða.

Sem dæmi um önnur námskeið sem skoðuð voru má nefna íþrótta- og leikjanámskeið í 5 daga hjá Íþrótta og tómstundanefnd Hafnarfjarðar 3 klst. á dag á 2.000 kr. og 12 daga námskeið hjá Möguleikhúsinu sem endar með leiksýningu á 42.000 kr.

Sjá nánar töflu yfir námskeið

Skoðuð voru verð á námskeiðum íþróttafélaga, á vegum íþrótt- og tómstundarráða sveitarfélaga, skátafélaga og frjálsra félagasamtaka. Námskeiðunum í könnuninni er skipt í fjölda námskeiðsdaga og klukkustundir á dag. Víða er boðin gæsla á morgnana áður en námskeiðin hefjast, í hádeginu og eftir að dagskrá námskeiðanna lýkur á daginn. Misjafnt er hvort greiða þarf aukalega fyrir þessa gæslu eða hvort hún er innifalin í námskeiðsgjaldinu, sama er að segja um hádegisverð og hressingu, en sjaldnast er matur innifalinn, en oft er hægt er að kaupa heitan mat gegn vægu gjaldi. Það gjald sem gefið er upp í könnuninni er ávallt miðað við eitt stakt námskeið þannig að ekki er tekið tillit til afsláttarverðs t.d. iðkendaafsláttar eða systkinaafsláttar. Við samanburð á verði námskeiða er nauðsynlegt að hafa þetta í huga.

Auk þess ber að athuga að hér er aðeins um verðsamanburð að ræða og sú þjónusta eða dagskrá sem í boði er á námskeiðunum er ekki metin. Úrvalið af sumarstarfi fyrir börn og unglunga er mjög mikið og þessi könnun nær aðeins yfir lítinn hluta af þeirri starfsemi.